

1965 nr. 47 14. maí**Lög um eftirlaun ráðherra**

■ **1. gr.** Ráðherrar skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af ráðherralaunum sínum, eins og þau eru á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá launinum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi er greiðist úr ríkissjóði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddum ráðherralaunum. Ráðherrar skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í ráðherra-deild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu ráðherra til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Ráðherrar njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annars sé getið í lögum þessum.

■ **2. gr.** [Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða er öryrki á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meiri. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrirverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Skal í slíkum tilvikum farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1982, 7. gr.

■ **3. gr.** [Fyrirverandi ráðherra, sem gegnt hefur embætti a.m.k. eitt ár og uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt, er nemur 6% fyrir hvert ár og samsvarandi hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð í ráðherraembætti, þó aldrei meira en 50%.

□ Eftirlaunin skulu fylgja ráðherralauninum, eins og þau eru á hverjum tíma, og vera sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

□ Eftirlaunin greiðast ekki meðan hinn fyrirverandi ráðherra fær greidd biðlaun samkvæmt 29. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og ekki heldur meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun samkvæmt lögum nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.]¹⁾²⁾

¹⁾ Nú l. 88/1995. ²⁾ L. 73/1982, 8. gr.

■ **[4. gr.]**¹⁾ [Eftirlifandi maki ráðherra eða fyrirverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maka skal vera 20% að viðbættum 50% af þeim hundraðshluta sem hinn látni ráðherra hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt samkvæmt 3. gr.

□ Eftirlaun maka skulu fylgja ráðherralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.]²⁾

¹⁾ L. 73/1982, 9. gr. ²⁾ L. 73/1982, 10. gr.

■ **[5. gr.]**¹⁾ [Nú andast ráðherra eða fyrirverandi ráðherra, sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt 3. gr. laga þessara áður en hann náði 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á líffi er, rétt til eftirlauna samkvæmt 5. gr.²⁾ laga þessara. Ákvæði 2. mgr. 5. gr.²⁾ eiga einnig við í þessu tilviki.]³⁾

¹⁾ L. 73/1982, 9. gr. ²⁾ Nú 4. gr. ³⁾ L. 73/1982, 11. gr.

■ **[6. gr.]**¹⁾ Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, sem sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

¹⁾ L. 73/1982, 9. gr.

■ **[7. gr.]**¹⁾ Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði ráðherra, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt lögum þessum, greiðist úr ríkissjóði.

¹⁾ L. 73/1982, 9. gr.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Nú hefur maður þegar öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 47 14. maí 1965, og fer þá um rétt hans til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.]¹⁾

¹⁾ Brbák. í l. 73/1982 sem breyttu 2.–7. gr. upphaflegu laganna.